

1 Efnahags- og viðskiptanefnd

2 Viðskiptafrelsi og lágir skattar eru meðal grunnforsendna sterks efnahagsumhverfis.
3 Atvinnulíf á Íslandi má ekki búa við lakari skilyrði en eru í þeim löndum sem við eigum í
4 viðskiptum við. Heimurinn breytist hratt og því fylgir að samkeppni vex á öllum sviðum og
5 tækifærum fjölgar. Mikilvægt er að einfalda starfsumhverfi fólks og fyrirtækja á Íslandi
6 þvert á atvinnugreinar.

7 Skattar

8 Skattar þurfa að vera lágir, sanngjarnir og skilvirkir. Skattar þurfa að vera einfaldir og
9 skattkerfið ætti ekki að draga úr framtaki fólks og fyrirtækja. Mikilvægt er að skattalegir
10 hvatar séu áfram nýttir til að ýta undir fjárfestingu í nýsköpun. Sjálfstæðisflokkurinn hefur
11 einn flokka raunverulega staðið fyrir lægri sköttum og mikilvægt er að fara í endurskoðun á
12 skattkerfinu og draga úr skattbyrði. Tryggja skal að skattar á umferð og ökutæki taki tillit til
13 búsetu landsmanna. Þá skal hafa í huga samkeppnishæfni útflutningsgreina við mótun
14 skattlagningar á orkugjafa, ökutæki og umferð. Mikilvægt er að útgjöld til samgöngumála
15 séu í beinu samhengi við skattheimtu af ökutækjum og umferð. Reglur Jöfnunarsjóðs
16 sveitarfélaga mega ekki hvetja sveitarfélög til að halda skatthlutföllum í hámarki.

17 Málefni fjölskyldna og einstaklinga

18 Skattgreiðslur eru stærsti útgjaldaliður íslenskra heimila. Endurskoða þarf tekjuskatts- og
19 millifærslukerfin með því markmiði að þau séu einföld og gagnsæ. Stefnt skal að einu virku
20 skattþrepi, tryggja að jaðarskattar allra hópa verði sambærilegir að teknu tilliti til bóta og
21 að skerðingar séu samræmdar milli ólíkra kerfa.

22 Leita skal allra leiða til að einfalda skatta- og rekstrarumhverfi íþróttafélaga til að gera
23 rekstur þeirra traustari.

24 Leita skal leiða til að koma í veg fyrir svarta atvinnustarfsemi.. Afnema skal erfðafjárskatt
25 og rýmka heimildir foreldra til afhendingar á fjármunum til barna sinna.

26 Mikilvægt er að lækka fjármagnstekjuskatt til að örva fjárfestingu og hækka frítekjumark.
27 Þá skal breyta útreikningi fjármagnstekjuskatts svo skatturinn leggist á raunávöxtun en
28 ekki nafnávöxtun svo verðbólga sé ekki skattlögð. Veita skal einstaklingum heimild, með
29 ákveðnum takmörkunum, til að draga frá tekjuskatti kaup á skráðum og óskráðum
30 hlutabréfum og hlutdeildarskírteinum.

31 Börn skulu ekki greiða tekjuskatt til jafns við fullorðna fyrr en þau öðlast kosningarétt.

32 **Málefni fyrirtækja og sjálfstætt starfandi**

33 Ísland á að verða samkeppnishæfasta land í heimi samkvæmt alþjóðlega viðurkenndum
34 mælikvörðum. Mikilvæg forsenda uppbyggingar og nýrra tækifæra er nýsköpun og einfalt
35 regluverk. Hið opinbera á ekki að standa í vegi fyrir framtaksömu fólki sem vill láta
36 hugmyndir sínar verða að veruleika. Bæta þarf samkeppnisumhverfið þannig að hagsmunir
37 almennings séu alltaf hafðir að leiðarljósi.

38 Framkvæmd samkeppniseftirlits má aldrei hindra að fyrirtæki og atvinnuvegir geti nýtt
39 bestu framleiðslutækni til að lækka kostnað. Slíkt eftirlit gengur gegn hagsmunum
40 þjóðarinnar og stuðlar að hærra vöruverði. Rík ástæða er til að endurskoða skipulag og
41 rekstur Samkeppniseftirlitsins í núverandi mynd. Skoða skal hvort ávinningur sé af því að
42 sameina Samkeppniseftirlitið og Neytendastofu. Fyrirtæki sem sæta málsmeðferð af hálfu
43 Samkeppniseftirlitsins skulu ætíð fá skjóta lausn sinna mála. Eftirlitsstofnanir á borð við
44 Samkeppniseftirlitið, skattrannsóknastjóra og Seðlabanka Íslands skulu greiða allan
45 málskostnað þegar rannsókn lýkur án viðurlaga. Samkeppniseftirlitið getur ein stofnana á
46 Íslandi skotið úrskurði æðra stjórnvalds til dómstóla. Afnema þarf þann málskotsrétt.

47 Lækka þarf virðisaukaskatt og einfalda virðisaukaskattskerfið. Tímabært er að hækka
48 verulega veltumörk virðisaukaskatts til að einfalda einyrkjum og örfyrirtækjum starfsemi.
49 Sjálfstætt reknar menntastofnanir skulu hafa sömu réttindi og hinar opinberu til
50 endurgreiðslu virðisaukaskatts.

51 Taka þarf reiknað endurgjald til gagngerrar endurskoðunar með það að markmiði að
52 auðvelda fólki að stofna og reka lítil fyrirtæki. Núverandi fyrirkomulag leiðir til þess að
53 sérfræðingar neyðast til þess að setja gjaldskrá sína úr öllu samhengi við laun í landinu.
54 Lítil og meðalstór fyrirtæki eru hornsteinar íslensks atvinnulífs. Ekki skal staðið í vegi
55 fyrirframtakssemi einstaklinga. Mikilvægt er að tryggja íslenskum fyrirtækjum betri stöðu
56 en sambærilegum fyrirtækjum erlendis. Stjórnvöld eiga að gæta hagsmuna Íslands með því
57 að nýta undanþágur í Evrópugerðum eins og kostur er til þess að einfalda
58 fyrirtækjarekstur. Ekki skal ganga lengra við innleiðingu samevrópskra reglugerða en þörf
59 er á. Láta skal af blýhúðun EES-reglna. Uppfæra skal stærðarmörk örfyrirtækja í
60 ársreikningalögum og hækka fjárhæðarmörk til samræmis við það sem gengur og gerist í
61 Evrópu.

62 **Lífeyrismál**

63 Auka skal frelsi í lífeyrismálum, tryggja rétt launafólks til að velja sér lífeyrissjóð og
64 fjárfesta viðbótarlífeyrissparnaði sínum að vild. Festa þarf í sessi heimild til ráðstöfunar
65 viðbótarlífeyrissparnaðar inn á húsnæðislán og gæta þess að fjárhæðir fylgi verðlagsþróun.
66 Skattfrjáls ráðstöfun viðbótarlífeyrissparnaðar og helmingsafsláttur stimpilgjalda af
67 kaupsamningum fyrir fyrstu kaupendur voru skref í rétta átt en gera þarf skattfrjálsa
68 ráðstöfun viðbótarlífeyrissparnaðar að varanlegu úrræði og afnema stimpilgjaldið alfarið.

69 Frítækjumark ellilífeyrisþega skal ekki vera svo lágt að það hindri þátttöku þeirra á
70 vinnumarkaði eftir að lífeyrisaldri er náð. Hækka skal lífeyrisaldur í hóflegum skrefum á
71 næstu árum svo hagsmuna allra kynslóða sé gætt. Samræma skal réttindi opinberra
72 starfsmanna við réttindi starfsmanna á almennum vinnumarkaði til að vinna umfram
73 lífeyrisaldur.

74 Með lögfestingu tilgreindrar séreignar opnast frekari möguleikar á að veita launafólki frelsi
75 til að byggja upp eigin sparnað. Heimila á einstaklingum að nýta tilgreinda séreign til að
76 byggja upp eigið eignasafn í formi hlutabréfa eða annarra verðbréfa.

77 Gera þarf sjóðsfélögum lífeyrissjóða kleift að kjósa stjórnarmenn.

78 **Vinumarkaðurinn**

79 Tryggja þarf stöðugleika á vinnumarkaði og að reglur vinnumarkaðarins séu virtar. Virða á
80 stjórnarskrárbundið félagafrelsi og auðvelda starfsfólki að velja hvort og hvaða stéttarfélagi
81 það vill tilheyra.

82 Breyta þarf starfsmannalögum og gera réttarstöðu opinberra starfsmanna sambærilega
83 réttarstöðu starfsfólks á almennum vinnumarkaði.

84 Rýmka þarf heimildir fyrir einstaklinga sem koma utan EES til að starfa á Íslandi, búi það
85 yfir hæfni eða þekkingu sem skortir á Íslandi. Aldurssamsetning þjóðarinnar er að breytast
86 hratt og nauðsynlegt er að gera fólki kleift að starfa lengur en til sjötugs, kjósi það svo, enda
87 með víðtæka þekkingu og reynslu.

88 Leggja ætti áherslu á norræna vinnumarkaðsmódelið og að hið opinbera leiði ekki
89 launaþróun í landinu. Afnema skal skyldu fyrirtækja og stofnana til jafnlaunavottunar, enda
90 hafa lög þar að lútandi ekki náð markmiði sínu.

91 Skoða þarf kosti og galla þess að opinberir aðilar hafi heimild til verkbanns í kjaradeilum
92 með sama hætti og atvinnurekendur á almennum vinnumarkaði. Efla þarf valdheimildir
93 ríkissáttasemjara til að höggva á hnút kjaradeilna. Ríkisstjórn á hverjum tíma hafi engin
94 afskipti af kjaradeilum.

95 **Stafrænt Ísland og gervigreind**

96 Ísland þarf að nýta þau tækifæri sem felast í örum tæknibreytingum. Meðal áskorana eru
97 auknar kröfur almennings og atvinnulífs um sjálfsafgreiðslu og stafræna opinbera þjónustu.

98 Mikilvægt er að nýta gervigreind með ábyrgum hætti við opinbera þjónustu til að koma
99 auga á frekari tækifæri, hagræða í ríkisrekstri og stuðla að aukinni velmegun og framförum
100 fyrir landsmenn alla. Ríkið og sveitarfélög eiga aldrei að keppa við einkaaðila á sviði
101 tækniframþróunar.

102 **Bankar og fjármálastarfsemi**

103 Skoða skal kosti og galla þess að breyta verðbólguþolmiði Seðlabankans þannig að það
104 miðist við 12 mánaða breytingu vísitölu neysluverðs án húsnæðis. Jafnframt ætti að skoða

105 valdheimildir Seðlabankastjóra og hvort æskilegt sé að dreifa því valdi sem Alþingi
106 framselur til Seðlabankans með öðrum hætti innan bankans.

107 Afnema þarf séríslenska skatta vegna fjármálaþjónustu, s.s. bankaskatt, fjársýsluskatt og
108 sérstakan fjársýsluskatt, með það að markmiði að bæta vaxtakjör fólks og fyrirtækja. Að
109 sama skapi þarf að lækka eiginfjárkröfur til íslenskra fjármálafyrirtækja, til samræmis við
110 þau lönd sem við berum okkur saman við.

111 Tímabært er að leggja niður embætti umboðsmanns skuldara sem stofnað var eftir hrun og
112 afnema samhliða lög um greiðslu kostnaðar við rekstur umboðsmanns skuldara.